

# ÍLLGRESI

6. ÁRGANGUR  
1. TBL.

2013



MÁL GAGN UNGRA VINSTRI GRÆNNA



## Íllgresi

Málgagn Ungra vinstri grænna  
2013 1. tbl. – 6. árgangur

Útgefandi:  
Ung vinstri græn

Ritstýra:  
Una Hildardóttir

Ritstjórn og ábyrgð:  
Una Hildardóttir  
Bjarni Þóroddsson

Prófarkalestur:  
Gísli Garðarsson  
Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Hönnun og umbrot:  
Sindri Geir Óskarsson – SindriSól

Forsíðumynd;  
Heiðdís Hólm Guðmundsdóttir

Miðjúljósmynd:  
Þóra Kristín Reinharðsdóttir

# HVAÐ ER ÍLLGRESI?

Sérhver jurt er vex frjál og fögur í íslenskri náttúru, ekki vegna áhrifa mannsins heldur honum aðeins til yndisauka, er íllgresi. Nánast öll flóra Íslands er skilgreind sem íllgresi ef hún kemur inn fyrir skilgreind lóðamörk og inn á ræktað land. Ástæða þess að fallegum blómum er gefið nafn sem gefur í skyn að þau séu ill er að þeir sem ráða innan lóðamarkanna sjá þau sem óreiðu innan kerfisins, ógn við ríkjandi skipulag og þeirra eigin ríkjandi skilgreiningar á því hvað sé gott og æskilegt.

Íllgresi eru blóm sem lúta ekki reglum mannsins heldur ögra þeim. Þau spretta upp á ný án leyfis frá kóngi eða presti og þau blómgastr jafnvel við erfiðustu aðstæður, á skjóllausum berangri með fáa nágranna nema urð og grjót. Maðurinn ræður ekki yfir þeim og því reynir hann að rífa þau upp. Hann reynir að eittra fyrir þeim, sökva þeim, trampa á þeim, hann rífur þau upp með rötum og fleygir þeim á haugana. En hann hefur þó ekki erindi sem erfiði. Þau eru of mörg og þau eru of sterk. Þau eru villt og fjölbreytileg, frjál og óheft. Menn geta reynt eins og þeir vilja en það verða alltaf til frjál blóm sem teygja blöð sín og krónu sjálfstæð og sterk til himins.

Vinstri.is



/Uvgungvinstrigræn





# KÆRI LESANDI

Vertu velkomin(n) í heim ungra vinstrisinnaðra baráttukvenna og -manna.

Ég fagna því að þú hafir opnað þetta blað. Það var skref í rétta átt; það fyrsta síðan þú fékkst þér fyrsta kaffibollann í morgun. Ég vona að þér líki lesturinn og að þú leggir ekki blaðið frá þér án þess að renna í gegnum það að minnsta kosti einu sinni. Bak við þessa síðu opnast heimur fullur af áhugaverðum greinum, smásögu eftir ungan og upprennandi rithöfund, baráttuljóð og matreiðslubók hönnuð sérstaklega af fátækum námsmönnum fyrir fátæka námsmenn. Ég vona að það vakni upp einhverjar hugsanir á leiðangri þínum um nýja eða vel þekkt heima og að þú njótir ferðarinnar.


Greinarnar í þessu blaði eru allar skrifaðar af ungliðum Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og velunnurum. Við vonum að þær höfði til þín og að þú getir verið sammála okkur. Ef þú hefur einhverjar ábendingar, vilt koma einhverju á framfæri eða vilt taka þátt í starfinu, endilega hafðu samband við okkur og ekki vera feimin(n).

Ást og bylting,  
Una Hildardóttir  
ritstýra Íllgresis 2013

P.S það væri líka alveg frekar svít ef þú myndir kjósa okkur

## EFNISTÖK:

“Þú ert bara reið”	5
Skattar og skuldir og algengar duldir	6
Lýðræði okkar allra	8
SUN – Socialistisk Ungdom i Norden	9
Höfnum skammtímalausnum	10
Vangaveltur róttækar móður	13
Alþýðulýðveldið Kórea og hernaðarhyggjan	14
Útlendingar, flóttamenn og íslenskur rasismi	18
Að leita réttar síns	21
Dagur í lífi Ragnars - Smásaga	22
Auðlindir í þjóðareigu	24
Af sjóræningjum og öðrum kynjaverum	27
Rammaðu þetta inn	28
Matreiðslubók hins fátæka námsmans	30



ÞESSI HELVÍTIS  
HÓRA Á EKKERT  
AÐ OPNA MUNNINN  
NEMA ÞAÐ SÉ  
TITTLINGUR  
Á LEIÐinni ÞANNGAÐ...



# “ÞÚ ERT BARA REIÐ”

Una Hildardóttir

Ef knattspyrnuliðið mitt félli niður um deild og ég tjáði mig um óréttlætið á netinu myndir þú svara mér með orðum eins og: „Öfgafullir aðdáendur eru illa gefnir.“?

Hvað þá ef að væri að biðja þig um að styrkja hjálpastarf í Afríku? Gætir þú horft djúpt í augun á mér og sagt við mig: „Ég myndi ekki snerta undirskriftalistann þinn með annars manns tittling á tuttugu metra priki.“?

Af hverju má ég ekki berjast fyrir jafnrétti kynjanna? Er sú barátta eitthvað öðruvísi en önnur barátta? Ég vil geta barist fyrir mínum hjartans málum án þess að fá dauðahótanir. Ég vil geta borið höfuðið hátt og sagt „ég er feminísti“ án þess að fá niðrandi tilsvör eða háðsglósur frá jafnöldrum mínum. Ég er heppin. Ég er heppin vegna þess að ég hef ekki enn lent í jafnhræðilegum hótunum og margar kynsystur mínar. Það þarf að vekja samfélagið frá þessari hræðilegu martröð sem hefur skapast í gegnum andstöðu við kvenfrelsisbaráttuna. Með því að rísa upp gegn feminisma gerir fólk málstaðinn mikilvægari og kallar enn frekar á kvennabaráttuna.

Niðrandi orðræða á netinu og morðhótanir eru vindur í segl kvenfrelsisbaráttunnar. Með því að reyna að berja hana niður sjá níðingar til þess að baráttukonur rísi upp hver á fætur annarri. Við erum sterkar og við stöndum saman í blíðu og stríðu. Ég ætla að halda áfram að vera reið ung kona sem hatar karla og hefur ekki fengið að ríða í sjö ár.

Ég ætla að vera það þangað til að markmiðinu er náð og jafnrétti ríkir í samfélaginu - og vonandi getur fólk einn daginn talað um mig sem baráttukonu.

Fleiri og fleiri konur, og þá sérstaklega ungar stúlkur, vilja nú til dags ekki bendla sig við feminístahtugtakið. Þegar Katy Perry tók við verðlaununum Kona ársins hjá Billboard sagðist hún ekki vilja kalla sig feminísta en trúi á styrk kvenna. Sú var tíðin að orðið „feminísti“ var notað sem blótsyrði á Íslandi - sem niðrandi orð í svipaðri merkingu og „helvítis tussan þín“ eða „hóra“. Það er ekkert langt síðan. Um það bil sex mánuðir.

Þegar ég gef það til kynna að ég sé feminísti er oft svarað um hæl að ég sé bara reið gella.

Í íslenskri götuorðabók væri skýringin á orðinu feminísti eitthvað á þessa leið: reið ung kona sem hatar karlmenn. Samfélagið hefur mótað sýn okkar. Í dag eiga konur erfitt með að vera stoltar af skoðunum sínum og eiga jafnvel í hættu á að lenda í ofsafullu einelti á netinu og jafnvel í hversdagslífi sínu.

Það er ekki auðvelt að vera feminísti í dag. Ég verð að viðurkenna að mér þykir það erfitt. Það er erfitt að fylgjast með umræðum á netmiðlum og fyllast ekki reiði. Sérstaklega ef ég reyni að tjá mig í umræðunni og fæ þá stimpilinn „reiða gellan sem hatar karla og hefur ekki fengið að ríða í sjö ár.“ Ef heimurinn væri ekki fullur af óréttlæti og niðrandi orðræðu sem beinist að baráttukonum í nútímasamfélagi þá væri ég ekki reið. Ef vandamálið væri ekki staðar væri ekkert til þess að reita mig til reiði.

Ef verið væri að tala illa um náinn fjölskyldumeðlim í fréttum og ég færi að tjá mig um það, myndir þú segja um mig: „Hún ætti að skjóta sig í hausinn, enginn myndi sakna hennar.“?

Ef heimurinn væri ekki fullur af óréttlæti og niðrandi orðræðu sem beinist að baráttukonum í nútímasamfélagi þá væri ég ekki reið.



## SKATTAR OG SKULDIR OG ALGENGAR DULDIR.

Bjarni Þóroddsson

Upp á síðkastið virðast allir vera sammála um að það sé nú brýnasta verkefni næstu ríkisstjórnar að takast á við skuldavanda heimilanna. Sú hugmynd er mjög merkileg og eflaust margt rétt við hana. Við skulum þó þykjast vera góðir fræðimenn og byrja á því að skilgreina hugtökin sem koma fram í fullyrðingunni „brýnasta verkefni næstu ríkisstjórnar er að takast á við skuldavanda heimilanna“ til að það liggi fyrir nákvæmlega hvað það er sem við erum að tala um. Byrjum á „skuldavanda heimilanna“.

Segja má að þessi vandi sé tvískiptur, eiginlegur skuldavandi annars vegar og greiðsluvandi hins vegar. Í skuldavanda er sá hópur fólks sem á hús eða íbúð sem það tók lán til að kaupa en lánin hafa síðan hækkað svo mikið að eignarstaða þeirra er orðin neikvæð og þau geta ekki selt húsnæðið og stækkað við sig. Í greiðsluvanda er sá hópur sem nær ekki eða á erfitt með að ná endum saman við hver mánaðamót. Þessi hópur á erfitt með að borga af lánum sínum ekki síst vegna þess að kaupmáttur launa þeirra hefur rýrnað og kostnaður við heimilisrekstur hefur hækkað. Hvað skuldir varðar er þessi hópur í besta falli að halda í við vextina. Að mestu leyti eru þessir hópar ekki skipaðir sama fólkinu. Hinn fyrrnefndi er að mestu leyti í efri millitekjuhópi eða hátekjufólk. Þessi seinni er að mestu leyti lágtekjufólk sem ætti að öllum líkindum erfitt með að ná endum saman hvort eð er.

...mikilvægasta hlutverk ríkisstjórna hverju sinni hlýtur að vera að halda uppi öflugu heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi, sem allir hafa jafnan aðgang að óháð efnahag

Verkefni ríkisstjórnarinnar er svo öllu vandasamara og pólitískara að skilgreina. Fyrir mér er ljóst að mikilvægasta hlutverk ríkisstjórna hverju sinni hlýtur að vera að halda uppi öflugu heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfi, sem allir hafa jafnan aðgang að óháð efnahag eða stöðu að öðru leyti, og að hlúa fyrst að þeim sem minnst mega sín.

En hvernig samræmist staðhæfingin „brýnasta verkefni næstu ríkisstjórnar er að takast á við skuldavanda heimilanna“ þessum skilgreiningum? Ef átt er við að koma til móts við þá sem eiga í greiðsluvanda, þá sem eiga erfitt með að ná endum saman, þá ætti ríkisstjórnin að gera það sem í hennar valdi stendur til að hækka laun þeirra lægst launuðu, auka kaupmátt launa þeirra, tryggja þeim aðgang að ókeypis heilbrigðisþjónustu og menntun og auka húsnæðisbætur, þannig að útgjöldum þeirra til heimilisreksturs og húsnæðiskostnaði sé haldið sem lægstum. Almenn skuldaniðurfelling mun lítið sem ekkert gera fyrir þennan hóp, sé ekki hlúð að öllum þessum málum fyrst.

# Almenn skuldaniðurfelling mun lítið sem ekkert gera fyrir þennan hóp, sé ekki hlúð að öllum þessum málum fyrst.

Á hinn bóginn, ef átt er við þá sem eiga í skuldavanda og losna ekki undan keyptu húsnæði sínu sökum stökkbreytinga á höfuðstóli lánsins þá er það alveg rétt sem ónefndir flokkar vilja halda fram, að án þess að ráðist verði í allsherjar niðurfellingu lána getur ríkisstjórnin lítið gert fyrir þennan hóp. Spurningin situr þó eftir hvort það getið talist til brýnustu verkefna að hjálpa þessum hópi sem ekki á í erfiðleikum með að framfleyta sér að öðru leyti. Það mun ekki auka möguleika þeirra til að nýta sér þá þjónustu sem ríkið veitir og erfitt er að segja að þetta fólk teljist til þeirra sem minnst mega sín. Ekki er áætluð að gera lítið úr erfiðleikum þessa hóps heldur að setja vanda þeirra í samhengi við vanda þeirra sem nauðsynlega þurfa aðstoð frá ríkinu.

Þeir sem mest tala fyrir því að brýn nauðsyn sé að takast á við þennan vanda eru, viti menn, einmitt þeir sem eru í þann mund að vinna kosningasigur með því að lofa almennri niðurfærslu skulda. Þeir lofa að þeirra fyrsta verk verði að sækja hundruði milljarða til erlendra kröfuhafa föllnu bankanna sem þeir ætla að nota til að borga fyrir niðurfellingu allra stökkbreyttra húsnæðislána. Sumir þeirra ganga jafnvel svo langt að kalla það mannréttindamál að leiðrétta þann forsendubrest sem varð á lánum fólks við hrunið. Óháð því hversu líklegt er að hægt verði að sækja þessa peninga, sem er vissulega ekki útilokað, þá set ég spurningamerki við þá forgangsröðun sem birtist í þessari áætluðu nýtingu þeirra. Að setja niðurfellingu skulda í forgang en ekki uppbyggingu í fjársveltu heilbrigðiskerfi, ekki í launahækkanir til láglaunastétta sem margar eru í velferðarkerfinu og eru upp til hópa kvennastéttir, ekki í eflingu menntakerfisins...

Það er óskynsamleg, allt að því ósiðleg, forgangsröðun. Til eru raunveruleg mannréttindi sem ríkinu ber að tryggja: heilbrigðisþjónusta, menntun, framfærsla; hlutir sem skipta sköpum fyrir lífskjör almennings. Við skulum byrja á þessum hlutum. Síðan skulum við ræða það að hjálpa þeim sem síður þurfa hjálp.

-Spilverk Þjóðanna

Skattar og skuldir  
Skattar og skuldir  
Skattar og skuldir og algengar duldir

/sef ekki baun  
/sef ekki baun  
/sef ekki baun mamma



# LÝÐRÆÐI OKKAR ALLRA

Helgi Hrafn Ólafsson

Frá því að ég varð kjörgengur, og jafnvel fyrir þá tíð, hefur mér verið kennt að atkvæði mitt skipti máli. Ég hef ekki misst af tækifæri til að nýta atkvæði mitt frá því að ég varð gjaldgengur kjósandi. Á kjördegi klæddi maður sig í flottu fötin og mætti burstaður og greiddur á kjörfund til að styðja við lýðræðið. Maður brosti til kunningja og vina sem voru á sama kjörstað, var kurteis við starfsmenn kjörstjórnar og greiddi sitt atkvæði. Það tók um það bil korter að kjósa (ef það var röð) og maður fór heim, stoltur af því að hafa þjónað landinu sínu, eða eitthvað álíka. En hvað svo?

Hvað kemur það okkur við hvort einhver lög og reglugerðir komast gegnum þingið eða ekki? Við þekkjum öll fólk sem talar svona. Þetta er meðvirkni - hrein og klár.

Við búum við lýðræði sem lýsir sér þannig að við hlustum á frambjóðendum með öðru eyranu yfir kjörtímabilið, leggjum aðeins betur við hlustir seinustu mánuðina fyrir kosningar, kjósum og kvörtum svo yfir Alþingi alveg fram til næstu kosninga. En hverjum er þetta að kenna? Þingmönnum sem hlutu atkvæði okkar? Kosningalögnum sem gefa okkur valdið á aðeins fjögurra ára fresti? Er vandinn ekki við sjálf? Lýðræði þýðir í orðsins fyllstu merkingu að lýðurinn ræður, að fólkíð er æðsta pólitíska valdið. Líður þér þannig? Ert þú æðsta valdið í landinu? Mér finnst ég

ekki vera það. Fulltrúalýðræðið á að ganga út á það að við kjósum okkur fulltrúa til að tala fyrir sannfæringu okkar. Fólk fer þó ekki þannig með þetta atkvæði sitt. Það kys þann sem þeim list best á, þann sem lofar sem mestu af sem mestri sannfæringu og staðfestu. Svo gerist dálítið einkennilegt; þingmenn eru settir upp á einhvern stall. Sumir láta meira að segja þannig að þingmenn hafi eitthvað ægivald yfir alþýðunni. En ríkisstjórnin ræður með samþykki fólksins. Alan Moore komst nokkuð vel að orði þegar hann skrifaði: "Fólkið ætti ekki að óttast ríkisstjórnina sína. Ríkisstjórnin ætti að óttast fólkíð sitt." Við höfum valdið. Það sást í Búsáhaldaþingunni. Fólkíð fékk sínu fram.

Til að lýðræði virki þurfa allir kjörgengir ríkisborgarar að taka þátt í samfélagslegu umræðunni eða að minnsta kosti að fylgjast með. Ég hef oft á tilfinningunni að ég sé ekki nógu duglegur við það og ég er sannfærður um að ég sé ekki einn um það. Þar liggur vandinn. Við látum þetta okkur engu skipta. Hvað kemur það okkur við hvort einhver lög og reglugerðir komast gegnum þingið eða ekki? Við þekkjum öll fólk sem talar svona. Þetta er meðvirkni - hrein og klár. Það að einhver tali af meiri sannfæringu en þú þýðir ekki að sá eða sú viti meira en þú.

Leggðu þig fram við fræðast um málefni. Taktu engu sem sjálfsögðu. Efastu um allt. Með því að taka ekki þátt í ferlinu ertu að draga úr gildi þínu. Upplýstur kjósandi er öflugasta tól lýðveldisins. Lýðræðið mun ekki njóta sín fyrr en við gerum okkur grein fyrir því hvers við erum megnug.

Við erum hinn svokallaði skríll. Við erum lýðurinn. Við erum fólkíð. Óttist okkur. Valdið er okkar. Okkar allra.





Socialistisk Ungdom i Norden is a collaboration forum and collective between Nordic socialistic youth organisations. The organisation was founded to be, and still to this day is, a co-operative body within the Nordic Council (NR) and its youth body Ungdomens Nordiska Råd (UNR). SUN has a permanent seat in the board of UNR, and at the time being I am the ordinary member (from Left Youth of Finland) and Una Hildarsdottir, from Uvg of Ísland, is the deputy member.

We often forget the Nordic countries are forerunners and exceptional in social functions and equality. We don't mention enough our Nordic similarities even though we see ourselves easily as firstly (as an example:) Icelandic, then Nordic and after that Europeans and world citizens. In recent years the Nordic parliaments have strived to be active firstly in internal political entities and secondly in European forums (EU or EU trade agreements etc.). I believe the Nordic cooperation should be a priority. As an example the individual economic standings of the Nordic countries don't give a high status in the overall world markets, but as a whole Nordic we would be one of the tenth biggest economic areas. Our views on world politics and human rights would strengthen in the same proportion.

The social equality standards of the North is not a construction to abolish or make fragile. In the eco-socialistic struggles we face it's especially important to gather guidance, expertise and solidarity from neighbouring countries - the struggles we face are in many political questions identical. The capitalistic and plutocratic forces have deep co-operation and we have to at least have the same depth and hopefully more. "The political game" has widened outside of conventional borders of nations. The socialistic movement has historically strong roots in international solidarity, but the roots must be kept watered for us to prosper and the unity between our political movements is the key in this. Through Nordic solidarity and co-operation in political struggles!

SUN hopes to lift up joint ventures, campaigns and political debates. Strengthen co-operation and make information sharing and meetings between the movements and organisations more easy and accessible. Our national movements need to be shown international possibilities and SUN will be a tool for this.

We all need some internationality. The socialistic movement is truly an international effort for better living conditions and a sustainable environment socially, culturally and ecologically.

- Henrik Nyholm, Finland

# HÖFNUM SKAMMTÍMA- LAUSNUM

Bjarki Þór Grönfeldt

Stefna Vinstri grænna í umhverfismálum þykir, frá sjónarhóli margra, of róttæk og jafnvel óábyrg. En á þessum fjórum árum sem liðin eru hefur okkur tekist að sanna það að verndarstefna í umhverfismálum er ábyrg afstaða. Við erum stolt af okkar ábyrgu og róttæku stefnu. Stóriðjustefna fyrri ríkisstjórna kallaði ekki aðeins yfir okkur óbætanlegan skaða á náttúru landsins heldur einnig gifurlega þenslu sem átti sinn þátt í því að hér myndast bóla sem síðar sprakk rækilega í andlitið á okkur. Sú bóla gerir það að verkum að Íslendingar verða eftirbátar annarra Norðurlanda hvað varðar lífskjör og kaupmátt um ókomin ár.

Megininntak sjálfbærrar þróunar eru jafnvægi á milli umhverfis, samfélags og efnahags og að ekki þurfi að gera kröfu um gígantískan hagvöxt til að auka lífsgæði. Treysta þarf þessi gildi í sessi en undanfarin ár hefur þó orðið ákveðin vitundarvakning um að umhverfismál og efnahagsmál séu ekki tveir aðskildir málaflokkar. Það sem meira er, þá skarast þessi mál á ýmsum sviðum. Vinstri græn hafa undanfarin fjögur ár sýnt fram á að hægt er að skapa varanleg störf með öðrum leiðum en stóriðju og það hefur skilað sér í því að atvinnuleysi hefur lækkað um helming á fjórum árum: úr rúmum 9% í tæp 5%. Til samanburðar slagar atvinnuleysi í Evrópusambandinu í tíu af hundraði að meðaltali. Við viljum gera enn betur og sjá til þess að stoðir hins græna hagkerfis verði eflar til muna.

Stóriðja veður ekki aðeins stórkostlegum spjöllum á náttúrunni heldur kostar hún samfélagið mikið. Gera má alvarlegar athugasemdir við að sá kostnaður skili sér aftur í hagkerfið. Kostnaður á bak við hvert starf í stóriðju á borð við Kárahnjúkavirkjun hleypur á hundruðum milljóna króna. Kostnaður á bak við störf í iðn- og tæknigreinum, skapandi greinum, ferðaþjónustu - og svo mætti lengi telja - er hjóm eitt í samanburði við hina tröllvöxnu stóriðju. Vinstri græn hafa slegið út af borðinu allar hugmyndir um dýr og orkufrek álver sem eiga að virka eins og tímavélar sem stilltar eru á árið 2007. Nóg af eggjum eru þegar í álkörfunni. Horft hefur verið eftir öðrum lausnum. Nú er kominn tími til að þess að hætta að setja öll eggin í sömu körfuna og horfa til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eru nú þegar stærsti atvinnurekandinn.


Vinstri græn hafa slegið út af borðinu allar hugmyndir um dýr og orkufrek álver sem eiga að virka eins og tímavélar sem stilltar eru á árið 2007.

Okkur ber einnig að skila jörðinni í sama ástandi til afkomenda okkar og við tókum við henni og helst í betra ásigkomulagi. Olíuvinnsla hlýtur því af margvíslegum ástæðum að vera eitt af því sem við þurfum að vara við. Íslendingar sem þjóð verða að sýna ábyrgð í verki og hafna skammtímagróðarsjónarmiðum sem koma niður á afkomu komandi kynslóða. Við erum nú þegar farin að finna fyrir góðurhúsaáhrifum af mannavöldum sjálf og frekari olíuvinnsla mun koma illa niður á komandi kynslóðum. Það er þó hægara sagt en gert að fá heila þjóð til þess að falla ekki fyrir skammtímagylliboðum olíunnar. Þó mörg fyrirtæki hafi á undangegnum árum sýnt aukinn vilja til þess að sýna samfélagslega ábyrgð er því ekki svo farið hjá olíufyrirtækjunum. Það stríðir gegn þeirra hagsmunum að bílafloki heimsins færi sig yfir í umhverfisvænni úrræði en olíu, svo sem rafmagn eða metan. Þeirra afstaða er skiljanleg. Þau vilja ekki að bílar verði knúnir áfram af umhverfisvænum orkugjöfum. Möguleg olíuvinnsla Íslendinga gæti þar að auki haft keðjuverkandi áhrif sem leiða til þess að þrýstingur á alþjóðasamfélagið um að leita vistvænni lausna minnkar. Þessi misseri er í fæðingu nýr iðnaður: að gera metan og rafmagn að raunverulegum valkosti fyrir bíla er handan við hornið ef stutt er við framleiðslu á bifreiðum sem ganga fyrir þessum umhverfisvænu orkugjöfum. Við eigum tækifæri á að taka forystu í umhverfismálum með því að rafvæða bílafloka okkar á næstu árum.

...náttúruvernd felst ekki aðeins í því á að nýta beri auðlindirnar okkar á skynsaman hátt; heldur einnig að við verðum að meta huglæga hluti til verðmæta og lifa í farsælu sambýli við náttúruna.

Kapítalismi villta vestursins sem hér ríkti nær allan fyrsta áratug þessa aldar krefst svo mikils vaxtar að honum verður ekki náð án þess að vinna skemmdarverk á náttúrunni. Höfnum skammtímalausnum og fetum áfram ábyrgu og beinu brautina í átt að sjálfbærri þróun og virðingu fyrir náttúrunni. Lærum af öfgum 20. aldar og gerum sjálfbæra þróun að ríkjandi hugmyndafræði 21. aldarinnar. Að lokum má ekki gleyma að náttúruvernd felst ekki aðeins í því á að nýta beri auðlindirnar okkar á skynsaman hátt; heldur einnig að við verðum

að meta huglæga hluti til verðmæta og lifa í farsælu sambýli við náttúruna. Nú er sjálfbær þróun einn af grunnþáttum nýrrar aðalnámskrár og verður það vonandi til þess að merkjum sjálfbærrar þróunar verði haldið á lofti óháð því hverjir sitja í ríkisstjórn sem og að meðvitund fólks um umhverfismál aukist enn frekar á komandi árum.



# UVG BJÓÐA FRAM




Jana Salómé Jósépsdóttir, 16. sæti í Norðausturkjördæmi  
Starf: Nemi við HÍ í Efnafræði og á framhaldstigi í klassískum söng.

**Af hverju byrjaðiru í Uvg?** Systir Steingríms nappaði mér af göngum MA.

**Hvað leggur þú mesta áherslu á?** Skuldavanda heimilanna!

**En í alvöru:** Jöfnuður!

**Hver er sætasti þingmaðurinn?** Steingrímur Jóhann Sigfússon á hug minn og hjarta,



Gísli Garðarsson, 9. sæti í Reykjavíkurrkjördæmi suður  
Starf: Fornfræðinemi og fulltrúi hjá Ungum vinstri grænum.

**Af hverju ertu í VG?** Ég er í Vinstrihreyfingunni grænu framboði af því að ég er sósíalisti og femínisti, friðarsinni og umhverfisverndarsinni. Vinstrihreyfingin - grænt framboð stendur fyrir flest það sem ég trúí á.

**Hvert er brýnasta málefnið?** Brýnasta málefnið er að halda íhaldinu úr Stjórnarráðinu áfram.

**Hver er sætasti þingmaðurinn?** Ég kys að hlutgera ekki þingmenn.



Steinunn Rögnvaldsdóttir, 10. sæti Reykjavíkurrkjördæmi suður  
Starf: Mannauðsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg og luft-saxafónleikari í einnarkonubandinu Skjaldborginni

**Sætasti þingmaðurinn?** Kata Jak, obvísulí

**Hversvegna ertu í VG?** Ég gekk í vg útaf náttúruvernd og lærði svo að vera rebel, femínisti, friðarsinni og félagshyggjukona af því að starfa með hreyfingunni

**Mikilvægast baráttumálið?** Mikilvægasta málið er að berjast gegn kynbundnu ofbeldi með öllum tiltækum ráðum.

## VIÐ VILJUM...

- ... Aðskilnað ríkis og kirkju og raunverulegt trúfrelsi
- ... Öfluga náttúruvernd þannig að náttúran njóti alltaf vafans
- ... Ísland út NATÓ

# VANGAVELTUR RÓTTÆKAR MÓÐUR

Póra Geirlaug Bjartmarsdóttir

Það er laugardagsmorgunn í janúar. Um nóttina hefur snjóað ótæpilega þannig að súkkan mín er einhvers staðar falin inni í snjóskafli næturinnar. Bílnum er startað, barnið er klætt í útiföt og fest í rammgerðan barnabílstól. Ferð okkar mæðgna er haldið á flokksráðsfund Vg. Fyrir nýbakaða móður og þriggja mánaða barn er þetta ekki hefðbundin helgarskemmtun og myndi tæpast teljast sem skemmtun fyrir flesta. En hvers vegna þá að standa í þessu? Jú, það er þetta með hugsjónina.

Vg er sá flokkur sem ég ákvað að ganga í árið 2005. Ég varð þó ekki virkur meðlimur fyrr en haustið 2010 og sé ekki eftir því. Flokkurinn sem hafði það að leiðarljósi að vernda umhverfið og stuðla að jöfnuði í samfélaginu, óháð búsetu, kyni, trúarbrögðum og öllu því sem skilur okkur að; það vissi ég að væri flokkurinn fyrir mig. Ég gekk í flokkinn því að þar fann ég flestum mínum hugsjónum farveg. Í Vg vinnum við að því að byggja það samfélag sem við viljum sjá, samfélag sem byggist á jöfnuði fyrir alla, ekki bara jöfnuði fyrir suma. Þegar ég ákvað að henda mér í hringiðu stjórnmalanna er þó ekki hægt að segja að ég hafi mætt miklum skilningi í félagahópnum. Hvernig nennirðu að standa í þessu? Vissulega datt mér það í hug þennan janúarmorgun þegar ég mokaði bílinn minn út með barnið brjáláð í aftursætinu. Allt til að mæta á flokksráðsfund hjá Vg.

Við sem störfum í Vg erum nefnilega ekki að þessu fyrir okkur. Við erum að þessu fyrir þau; fyrir þau sem taka við landinu eftir okkar dag. Við tökum slaginn svo börnin okkar þurfi ekki að gera það. Á síðustu árum hefur líka heilmargt áunnist. Þegar ég fer með dóttur mína til læknis þarf ég ekki að borga komugjald. Dóttir mín fær tannlækningaþjónustu fram að 18 ára aldri. Það er bundið í námskrá að í skóla fái hún kennslu í kynjafræði. Átaki gegn klámi var hrint af stað og svo mætti lengi telja. Það er samt ekki búið að búa til samfélag fullkomins jöfnuðar. Ég get til að mynda ekki gengið að því vísu að fá sömu laun fyrir sömu vinnu og karlmaður hvar sem er á vinnumarkaðnum og viðhorfið að konan sé sú eina sem geti hugsað um barnið leynist enn víða í samfélaginu. Vg er flokkurinn sem berst gegn þessum gömlu kreddum og það er þess vegna sem ég er í Vg. Orðin sem ég muldraði ofan í flís galla dóttur minnar sem var orðin hundleið á biðinni þennan janúarmorgun voru því þessi: „Ég er að þessu fyrir þig kjáninn þinn“.

Við tökum slaginn svo börnin okkar þurfi ekki að gera það.



# ALPÝÐULÝÐVELDIÐ KÓREA OG HERNAÐARHYGGJAN

Bjartur Steingrímsson

Stemningin á Kóreuskaganum er enn á ný komin upp undir einhvers konar undarlegt suðumark þar sem Bandaríkjamenn og Suður-Kóreumenn skiptast á hótunum við stjórnvöld í Pyongyang. Norður-Kóreumenn hóta svörum við ögrandi hegðun nágranna sinna við landamærin og segjast hafa slitið 60 ára gamla vopnahléinu sem batt enda á Kóreustríðið. Fyrir mörg okkar hérna í fjarlægum hlutum heimsins virðist staðan eilítið súrrealísk. Hinn veruleikafirrti einræðisherra hótar öllu illu og skekur hnefann á meðan hin skynsömu máttaröfl gera sitt besta til að hunsu hann rétt eins og hann væri ekkert meira en dekraður krakki í frekjakasti.

**Kína sér hag sinn í því að halda  
Norður-Kóreu nægilega stabílli til að  
geta myndað eins konar varnarmúr  
gagnvart hinum vestrænu öflum í  
Suður-Kóreu**

En dekraðir krakkar sitja venjulega ekki við stjórnvöl heilapvegins alræðisríkis 25 milljóna íbúa og eins af stærstu landherum heims. Það að hið undarlega og einangraða ríki Norður-Kóreu og hinn sérvitri einræðisherra þess virðist hálfkómísk fyrir okkur er líklega því að okkur skortir skilning á því hvernig þetta allt kom til. Til þess að átta okkur á stöðunni þurfum við að horfa aftur til loka Síðari heimsstyrjaldar og upphafs Kalda stríðsins þegar stórveldin tvö skiptu þessari fyrrum nýlendu Japans upp sín á milli. Þar voru annars vegar kommúnísk öfl í norðri; og hins vegar frjálslyndari og kapitalískari hópar sem uxu í suðrinu með vestrænum stuðningi. Ósættið milli Norðurs og

Suðurs vatt upp á sig og í júní 1950 réðst Norðrið suður fyrir landamærin og Kóreustríðið hófst. Með aðstoð Vesturlanda tókst Suður-Kóreu að hrekja Norður-Kóreumenn aftur norður yfir landamærin og alla daga síðan hefur staðan haldist nokkurn veginn óbreytt. Með hernaðarstuðningi Bandaríkjanna og mikilli verzlun reis Suður-Kórea frá algjörrri fátækt í efnahagslegt stórveldi en Norður-Kórea umturnaðist í einangrað alræðisríki undir stjórn hins föðurlega leiðtoga Kim Il-Sung og afkomenda hans - þó með einhverjum stuðningi frá Sovétríkjunum. Eftir fall þeirra átti norðrið aðeins eina þjóð eftir - Kína - sem segja mætti að væri þeim hliðholl. Samband þessa tveggja ríkja getur í besta falli kallast hikandi þar sem Kína sér hag sinn í því að halda Norður-Kóreu nægilega stabílli til að geta myndað eins konar varnarmúr gagnvart hinum vestrænu öflum í Suður-Kóreu en hefur hins vegar lítinn áhuga á því að átökin versni með þeim valdabreytingum og flóttamannastraumum sem því myndu fylgja.

Það er hins vegar vert að skoða hina hlið peningsins þar sem nýliðnir atburðir tengjast hervæddu sambandi Bandaríkjanna og Suður-Kóreu nánnum böndum. Þróun stöðunnar vorið 2013 má að miklu leyti tengja við stórgerðar heræfingar Bandaríkjamanna og Suður-Kóreumanna en í síðasta mánuði var haldin þriggja daga herflotaæfing rétt undan ströndum Kóreuskagans. Þar var að finna, ásamt mörgum öðrum herskipum, eitt stykki bandarískan kjarnorkukafbát. Þegar hin fyrirsjáanlegu viðbrögð komu frá Pyongang tóku Bandaríkjamenn sig til og kynntu Sameinuðu þjóðunum drög að nýjum efnahagslegum þvingunum gagnvart Norður-Kóreu; tól sem þeir hafa notað óspart gagnvart þessu sárafátæka ríki í gegnum árin. Loforð Bandaríkjamanna um að þessi efnagslegu viðurlög myndu virkilega hafa tilætluð áhrif hljómuðu

eilítið tómlega fyrir þeim sem þekkja til því þau hafa iðulega haft öfug áhrif. Þær hótanir sem komu frá Norður-Kóreu í kjölfarið - hótanir um blóðhefnd og kjarnorkuflaugar sem myndu drífa alla leið til Washington - komu fæstum spekulöntum á óvart.

Staðreyndin er að Bandaríkjamenn, með ítökum sínum og hernaðarviðveru í nágrenninu, hafa öll spilin á hendi sér til þess að stilla stöðuna. En í stað þess að finna nýjar nálganir eða málamiðlanir sá varnarmálaráðherra Bandaríkjanna ástæðu til þess að tilkynna eins milljarðs dollara aukningu í útgjöldum til varnarmála í Kyrrahafinu. Þetta þýðir auðvitað nýjar framkvæmdir og störf í Suður-Kóreu (því aldrei má skera niður til hermála, kreppa eður ei) og frekari ögranir gagnvart taugaveikluðum stjórnvöldum í Pyongyang.

Hvar á þetta að taka enda? Ein helstu rökin sem færð eru fyrir þessari þróun eru að norðurkóreska ríkið sé einangrunarsinnað sjálfskaparvíti sem vitleysingar stjórna og að Bandaríkjamenn hafi engra kosta vól en að halda uppi vígbúnaði sínum; halda áfram að hóta og ögra og búa til fleiri efnahagslegar þrengingar. En staðreyndin er að einangrun Norður-Kóreu er að miklu leyti komin til vegna aðgerða bandarískra stjórnvalda gegnum árin. Það er einangrandi að búa til efnahagsleg viðurlög og takmarka verslun og samgöngur. Útséð er að Norður-Kórea muni halda áfram að hóta nágrenna sínum í suðri öllu illu, og þar af leiðandi Bandaríkjamönnum, svo lengi sem hernaðarbrölt þeirra er eins og raun ber vitni við landamærin. Það er ekki að segja að það þurfi að styðja hegðun norðurkóreskra stjórnvalda. Þvert á móti. En menn hljóta að sjá hvenær áætlanir þeirra eru ekki að skila árangri.

Á meðan stórir karlar byrsta sig og steyta hnefa þá er það iðulega fólkið sem þarf að gjalda fyrir það.

Ég er á móti herskipaðri einangrun norðurkóreska ríkisins. Ég trúi því að við þurfum að finna nýjar leiðir til að nálgast vandamál eins og þessi. Til að skilja stöðuna á Kóreuskaganum þarf að líta aftur á pólitíska og hernaðarlega sögu þessa tveggja ríkja. En það þarf líka að átta sig á því hvað núverandi ástand þýðir fyrir fólkið í þessum ríkjum. Því á meðan hinn sérvitri einræðisherra með sitt barnslega fés heldur áfram að skrifa ljóðabækur, brillera í golfi og sitja fyrir kómísk portrett - svona rétt á milli þess sem hann hótar restinni af veröldinni tortímingu – þá eru 25 milljónir

íbúa í landinu hans að þjást. Norður-Kórea býr við viðurstygglega vanþróun, fátækt, sjúkdóma og algjöra fáfræði um stöðu mála utan við eigin landamæri. Á meðan stórir karlar byrsta sig og steyta hnefa þá er það iðulega fólkið sem þarf að gjalda fyrir það.

Gleymum því heldur ekki að stríð á hendur vanmáttugra þjóða í þágu stórveldahagsmuna eru ávallt seld sem skynsamleg íhlutun þróaðri og vitrari ríkja; sem aðgerðir sem eiga að vernda, frelsa eða aðstoða fólkið í þessum vesælu löndum að öðlast frelsi, jafnrétti og örbylgjuofna. Og gleymum því ekki heldur að það er iðulega þetta sama fólk sem deyr í þúsundatali og aldrei fær sitt frelsi.



# MI-ØJUS TÚLKAN 2013









# FLÓTTAMENN, ÚTLENDINGAR OG ÍSLENSKUR RASISMI

Bjarni Þóroddsson

Það er svo sjálfsgagt að allir séu Íslendingar að það hvarflar ekki að okkur að við þurfum að búa til pláss í kerfinu fyrir fólk sem er það ekki. Ég tala nú ekki um ef þetta sama fólk þarf einhverja aðstoð til að aðlagast. Kerfið hjálpar öllum sem geta sótt sér hjálp.


Þetta er jákvæðasta útskýringin sem ég get fundið á þeim fjölmörgu svívirðilegu mannréttindabrotum sem hafa átt sér stað upp á síðkastið - og eru ennþá að eiga sér stað í meðferð kerfisins á hælisleitendum. Það er að segja að við séum bara of vitlaus til að fatta að við séum að mismuna fólki, að fremja veigamikil mannréttindabrot dagsdaglega. Mikið vona ég að við séum bara svona vitlaus.

Þessa meðferð telur forstjóri stofnunarinnar vera svo eftirsóknarverða að fólk leggi land undir fót og komi til Íslands í einhvers konar „hælisferðamennsku“.

Forstjóri Útlendingastofnunar virðist þó hafa gert það að lífsverki sínu að eyða þessari von minni. Hún fer með allt að því gerræðisvald yfir lífi fólks sem leitar til Íslands í sinni brýnustu neyð; flóttafólk sem skilur við allt sitt líf til að flylja heimaland sitt sökum ofsókna

og hótanna. Þetta fólk kemur til Íslands fullt vonar og fær svo að bíða í hálf tveimur árum - og meira til - oft bara eftir því að fá neitun frá Útlendindastofnun. Heilbriggt, ákveðið fólk sem hafði það í sér að taka á sig alla heimsins áhættu til að komast frá heimalandi sínu veslast síðan upp á íslenskum biðlistum. Í algerri óvissu um hvað gerist á morgun bíður það á Fit Hostel árunum saman. Það er kannski engin furða að menn brenni stundurm ofan af sér frekar en að sitja aðgerðalausir. Þetta kallar forstjórinn lúxus.

Fólk sem vinnur að málefnum flóttamanna á það til að kalla vinnubrögð Útlendingastofnunar fasísk. Starfsmenn hennar ganga út frá því að fólk sé að ljúga, reyna að finna ósamræmi í málflutningi þeirra og hvaðeina annað sem hægt er að gera til að skapa réttlætingu fyrir neitun. Á meðan lögfræðingar stofnunarinnar leggja sig alla fram við að synja fólki um dvalarleyfi á þetta fólk að bíða - iðjulaust því það fær ekki atvinnuleyfi - á framfærslu sveitarfélaga sem telur nokkrar þúsundir króna á viku. Í tugi mánaða bíður þetta fólk vitandi það að lögreglumenn geti og að öllum líkindum muni banka upp á án þess að gera boð á undan sér og bera það tafarlaust úr landi. Þessa meðferð telur forstjóri stofnunarinnar vera svo eftirsóknarverða að fólk leggi land undir fót og komi til Íslands í einhvers konar „hælisferðamennsku“.



Allt þetta ógeð á að heita allt í góðu því að kerfið er jafnvont við alla. Látum það óskoðað hvort málsmeðferðartíminn stangist á við stjórnsýslulög. Þetta eru allslausir útlendingar. Þau eru ekkert að fara að kæra. Síðan þegar tæplega 50 króatískir hælisleitendur detta inn í kerfið er ekkert annað í stöðunni en að setja allar hinar umsóknirnar, sem margar eru komnar á annað ár, á frest meðan við afgreiðum þá. Fólki frá velstæðum Evrópuþjóðum þarf ekki hæli. Þeir voru sko lokkaðir hingað og við þurfum að losa okkur við þá alla áður en við getum farið að dila við hina svikahrappana og ónyttungana sem mega sko bara bíða á meðan.

Þegar ástandið er svona spyr maður sig af hverju það er ekki verið að gera neitt í þessu. Að einhverju leyti er þetta stofnanlegt minni. Útlendingaefirlitið gamla, sem varð síðan Útlendingastofnun, var stofnað á allt að því nasískum grunni árið 1939 og hefur alla tíð síðan litið á það sem hlutverk sitt að vernda Ísland fyrir ágangi illra útlendinga. En það er stærra vandamál að Íslendingum sem þjóð virðast finnast hörmungar skipta þá því minna máli þeim mun ólíkara þeim sem fórnarlömbin eru. Þann 15. apríl síðastliðinn varð sprenging við marklínuna í Boston-maraboninu. Þar drápu 2 sprengjur 3 manneskjur og særðu á annað hundrað manns. Á svipuðum tíma flutti Vísir frétt af því að runa sprengjuárása í Írak hefði kostað minnst 42 manns lífið og sært á þriðja hundrað en þetta væri hluti af vaxandi ofbeldisstigi þar í landi í aðdraganda kosninga. Alls fluttu MBL og Vísir 23 fréttir af ástandinu í Boston

(8 þeirra viðtöl við Íslendinga) en eina frétt frá Írak, þar sem sú árás var afgreidd sem eðlilegur hluti af óstöðugu ástandi. Snemma næsta morgun bárust síðan fréttir af öflugum jarðskjálfta við landamæri Íran og Pakistan og tókst fréttastofunni að grafa upp íslenska flugfreyju í Dúbæ til að segja raunasögu sína af hremmingunum. Að fréttir af atvikinu skyldu yfirhöfuð berast má kannski tengja við það að Íslendingar hafa svo mikinn áhuga á jarðhræringum.

## Alls fluttu MBL og Vísir 23 fréttir af ástandinu í Boston (8 þeirra viðtöl við Íslendinga) en eina frétt frá Írak

Ég er ekki með þessu að segja að frétttaflutningur af hörmungunum í Boston eigi ekki rétt á sér; að dauði saklausra borgara ætti aðeins að skipta okkur máli í beinu samhengi við fjölda látinna. Þvert á móti er ég að segja að bæði atvikin séu til votts um þá óskiljanlegu grimmd sem getur leynst í mannsandanum og að sama hatrið liggi þar að baki; og að sú mismunun sem felst í því að sprengjuhrina í Bagdad sé talin þeirra daglega brauð en í Boston séu sprengingar hörmungar, sé til marks um undarlegan og illkvittinn rasisma.





Heimurinn er svo yndislega lítill.

Um leið og sprengjurnar sprungu  
frétti ég af því.

Og örfáum mínútum síðar  
var íslenskur fréttaritari  
mættur á svæðið.

Hann tilkynnti mér,  
Innan um blóðuga útlími,  
brjósk, bein og háltætta búka,  
angistarfull öskur  
og skælandi smábörn,  
þöglar mæður  
sem héldu þétt  
um látin rykug börn sín,  
að þrátt fyrir  
allar þær þúsundir manna  
sem dóu  
og myndu senn deyja  
þá var  
ekkert fornarlambana  
íslendingur.

Óttar M. Norðfjörð  
Gleði og glötun



# AÐ LEITA RÉTTAR SÍNS

Bergrún Andradóttir

Undanfarið hef ég mikið hugsað til stúlkanna í Steubenville, Nova Scótía og Húsavík, varla annað hægt. Stúlkurnar, sem allar voru yngri en ég verða fyrir kynferðisofbeldi af völdum jafnaldra sinna. Allar leita þær réttar síns og eftirmálarnir eru hroðalegir. Salt ofan í sárin sem nauðgunin skildi eftir sig.

Guðný fékk dæmt sér í hag en um leið snerist hluti íbúa heimabæjar hennar gegn henni. Presturinn í bænum hvetur hana til þess að draga málið til baka og listi birtist í bæjardagskránni með nöfnum þeirra sem styðja gerandann.

Stúlkán í Steubenville leitaði líka réttar síns, fékk dæmt í sinn hag og fréttaflutningur um málið er á þann veg að líf nauðgara hennar hafi verið eyðilögð. Rehtaeh Parsons, stúlkán frá Nova Scotia sem tók sitt eigið líf fyrir nokkrum dögum, leitaði réttar síns en málið fór aldrei í gegn vegna skorts á sönnunargögnum. Þrátt fyrir að nauðgarar hennar hefðu tekið myndir af henni og dreift eftir á og gert líf hennar að helvíti síðastliðin 2 ár.

Þess vegna á mál Guðnýjar enn erindi við okkur í dag, hvað sem tautar og raular. Svona atvik eru ekki eitthvað sem tilheyrir fortíðinni. Nauðganirnar í Steubenville og Nova Scotia sönnuðu það.

Viðbrögð eins og þau sem Guðný fékk fyrir 13 árum væru ef til vill ekki líkleg í dag. Að minnsta kosti vil ég vona að slíkur undirskriftarlisti yrði ekki birtur. En við getum ekki útilokað að hluti bæjarbúa hefði brugðist nákvæmlega eins við, ásakað Guðnýju um lygar, hætt að heilsa, hunsað hana við afgreiðslukassann í búðinni og staðið þannig óbeint með gerandanum. Við sáum það gerast í Steubenville fyrir á árinu. Guðný segist vita að fórnarlömb kynferðisofbeldis á Íslandi hafi hætt við að leita réttar síns vegna þess hvernig hennar mál fór. Ég get þá rétt ímyndað mér öll atvikin í Kanada og Bandaríkjunum þar sem það sama er upp á teningnum.

Godsögnin um að meirihluti nauðgunarákæra séu lygar lifir sæmilegu lífi enn þann dag í dag en staðreyndin er sú að aðeins 2-5% af ákærum eru lygar

Guðrún Jónsdóttir, forstöðukona Stígamóta sagði í viðtalið við Kastljós á mánudaginn að það væri „frekar reglan en undantekning að fjölskyldur splundrast og vinahópar tvístrast. [...] Yfirleitt eru ekki nein vitni og fólk veit ekki hvað gerðist og þess vegna eru svona dómur svakalegir.”

Hún bætti við: „Fólk sem er beitt ofbeldi, látið aldrei þagga niður í ykkur. Sýnið það hugrekki að standa með sjálfu ykkur og segja frá [...]” Við getum lært af Húsavíkurmálinu, „að fólk vandi sig þegar það fái svona fréttir, að það fari ekki í gang svona nornaveiðar.”

Það hryggir mig að stúlkurnar hafi fengið þau viðbrögð sem raun ber vitni. Godsögnin um að meirihluti nauðgunarákæra séu lygar lifir sæmilegu lífi enn þann dag í dag en staðreyndin er sú að aðeins 2-5% af ákærum eru lygar. Jafnvel í íslensku samfélagi, þar sem barátta femínista hefur náð góðum árangri er enn svo mikið sem vantar upp á. Feðraveldið rígheldur í vald sitt og er ekki á því að sleppa takinu. Þó nauðgun sé gott orð á íslenskunni er ég einnig mjög hrifin af sænska orðinu yfir nauðgun, valdtákt. Valdtaka. Um það snýst málið.

Greinin birtist áður hjá Freyjunum  
[freyjur.wordpress.com](http://freyjur.wordpress.com)

# DAGUR Í LÍFI RAGNARS –

Smásaga eftir Leif Finnbogason

Ragnar vaknaði. Hann hefði vaknað upp ef hann kynni ekki íslensku, en Ragnar kunni íslensku og var stoltur af því. Hugurinn flaug. Hann þurfti að skrifa eitthvað.

Hann staulaðist framúr, ristaði sér brauð, smurði svo marmelaði á það og missti því næst brauðið í gólfíð. Hann tók það upp og henti því í ruslið, en hitti ekki, svo nú voru ryki skreyttar marmelaðislettur á skáphurðinni. Hann tók brauðið aftur upp bölvandi en missti jafnvægið og datt ofaná brauðið. Hann henti því loks öskuillur í ruslið, ristaði sér aðra brauðsneið, smurði með marmelaði og tókst að borða áður en hann fór, enn pirraður, í sturtu. *Djöfulsins, andskotans brauðsneiðin. Ég vildi að ég hefði ofristað hana. Gert hana að kolamola. Bolafola, sokkapoka, kokkalokka, kakkalakka, hnakkafrakka.*

Eftir sturtuna settist hann niður við fartölvuna og fór að leika sér að orðum.


Mér líður einsog einhver sé að dansa við innyflin innaní mér, taka létt tangó með tognuðum og draghöltum líffærum sem eiga ekkert með slíkar hreyfingar. Líkaminn hefur mig að háði og spotti, óþokkinn, hefur stokkið óboðinn í rússíbaniferð. Mér datt í hug að það gæti hjálpað mér að gráta, þarsem það virðist nú almennt hjálpa fólki til að líða betur eftir, en gat ekki fengið mig til þess. Á þeim tímapunkti leið mér sem ég hefði rétt til þess að salta stöðuvatn með táraflóði, en ekkert kom, mér var neitað um útrásina, svo ég sat eftir með hníf í hjarta syrgjandi ófædd ekkasog.

*Flott. Ég á ekki orð yfir eigin snilld. Ég málaði mynd handa fólki að mála. Málið er málið.* Ragnar mundi skyndilega eftir málinu sem hann átti frammi eldhúsi og náði í það til að fylla af vatni. Hann skrúfaði frá krananum en ekkert gerðist. Hann lamdi aðeins ofaná kranann. Hann heyrði hikst í krananum, en ekkert gerðist. Hann skrúfaði fyrir, lokaði augunum og dró djúpt andann. Hann opnaði þau svo, starði ákveðinn á kranann og skrúfaði frá aftur. Það virkaði. Hann leyfði vatninu að renna smástund áður en hann stakk málinu undir og þambaði innihaldið. Ragnar stakk svo málinu aftur undir og bjóst til að þamba aftur en tókst í staðinn að skvetta rúmlega helmingnum af innihaldinu yfir sig. Hann lét frá sér léttöngt hljóð og sveiflaði höndunum til að undirstrika mál sitt. Við það sveiflaði hann málinu þannig að restin af vatninu slettist um allt eldhús. Ragnar stóð kyrr í nokkrar sekúndur, andvarpaði svo og fékk sér meira vatn. Hann tók að lokum þrjú full mál með sér að fartölvunni.

Mér líst ekki á þetta. Framundan bíða óþokkar og valrefir, sundrunarflokkar geðsins. Leiðin liggur gegnum þyrnum stráð brennandi hraun við undirspil hátíðnihljóðfæra sínfóníuhljómsveitar þagnarinnar. Hvort sem ég lít til hægri eða vinstri starir á mig pyntingagjörn auðn. Ég hef ekki gengið nema þriðjung leiðarinnar. Hróp tómsins sem umlykur mig stigmagnast. Bensínlaus kílómetra frá næstu bensínstöð? Fokkin bömmar.

Ragnar hló innra með sér. *Ahhh, ég.* Hann samdi stutt ljóð um sig.

Massagegjaður maður,  
minnisstæður, æði.  
Svakagáfaður, glaður,  
geri frábær kvæði.



*Ragnar leit á það og lýsti það gott, hugsaði Ragnar ánægður með sér. Hann var farinn að lengja aðeins eftir meiri mat svo hann stóð upp og gekk hægum skrefum að frystinum. Eftir að hafa skoðað sig aðeins um tók hann litla frosna pizzu uppúr frystinum. Hann skellti henni í örbylgjuofninn og hafði rétt sett af stað þegar síminn hans hringdi skyndilega inní stofu. Hann hljóp þangað til að svara, þælandi í því hvaða suð hann heyrði. Hann sá að Gallup var að hringja og ákvað að svara ekki. Hann mundi óljóst eftir því að hafa haldið á kveikjara þegar hann var inní eldhúsi. Hann gekk aftur þangað og sá að það var kviknað í örbylgjuofninum, svo hann kipti honum úr sambandi. Eldurinn slokknaði. Hann þorði ekki að opna ofninn og þóttist nú viss um að hafa verið með kveikjara áðan. Hann náði sér í kleinur úr einni skúffunni og fór aftur að fartölvunni.*

*Ég gref mig dýpra ofaní holu, stunginn grís í leit að stað þarsem hann hljómar sem þýðasti fugl. Hvað gengur hér að mér, óvinveitt, glottandi og hræðilegt? Hræðslan lofar sér með mér í ferðalagið sem ég hef er ég tek á rás í burtu frá þessum óskapnaði.*

*Ég sé þetta fyrir mér, hann hleypur frá veru sem sést ekki, og hann kemur að gili...*

*Óveran eltir mig, ég skynja það, en ég greini hana ekki sérlega vel og bið hræðsluna um að líta eftir mér. Um leið og ég lít af hræðslunni og til hliðar sé ég loftið heilsa mér og loks jörðina sem dreif sig upp að mér til að heilsa um leið og hún sá mig. Ég mæti henni og veit ekki meir.*

*Það vantar eitthvað í þessa, hugsaði Ragnar áður en hann var truflaður af bókum sem hrundu á hann úr nýlosnaðri bókahillu. Hann bölvaði Svíþjóð í hljóði, stóð óður upp og lamdi hnefanum í stofuborðið sem sá sér fært að brotna við það. Ragnar öskraði, fór inná það og skoðaði höndina á sér. Hann sá ekkert að en var aumur þráttfyrir það. Hann þambaði vatn beint úr krananum, leyfði því að væta sárþurrar kverkar og fór svo aftur að fartölvunni. Alger óþarfi að láta smámuni stoppa sig frá því að skrifa.*

*Ljósinn faðmast hraðar og hraðar þartil þau eru loks eitt í hafsjó blörraðra andlita. Heimurinn hallast þartil ég finn fyrir höggi sem lætur mig vita að skiptin hafi gengið í gegn. Heimurinn er á hlið og einhver stelpa hrasar um mittið á mér. Ég þrýsti mér upp einsog ormur að næsta borði og stend þar undir. Skyndilega er ég rifinn af offorsi niður og settur á hlið. Heimurinn er jafn og ég fæ högg á hausinn til vitneskju um að skiptin hafi gengið tilbaka. Ég vagga afturábak dasaður, þartil ég er úti og hurðin skellist á mig. Þá er það bara næsti bar.*

*Djöfull er ég þunnur, hugsaði Ragnar í þann mund sem gríðarstór loftsteinn hrapaði á blokkina hans.*



# AUÐLINDIR Í ÞJÓÐAREIGN

Ragnar Auðun Árnason

Í stjórnartíð Framsóknar og Sjálfstæðisflokks var byggt hvert álverið á fætur öðru og virkjað út um allt en ekkert skeytt um náttúruna sem undir varð. Með nýju náttúruverndarlögum Svandísar Svavarsdóttur sem Alþingi samþykkti á kjörtímabilinu hefur loksins verið tryggt að ekki sé jafnauðvelt að leika sér að því að eyðileggja náttúru Íslands. Í drögum að nýrri stjórnarskrá er ákvæði um að auðlindir landsins skuli vera í þjóðareign. Loks hefur þjóðin fengið að kjósa beint um örlög náttúrunnar og sem betur fer kaus hún náttúrunni í hag.

## Mistökin við Kárahnjúka

Þann 12. desember 2002 hófust sprengingar fyrir stærstu framkvæmd Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjun. Undirbúningur þessa náttúruspillis hófst árið 1999 og var virkjunin tekin í notkun í lok árs 2007. Heildarkostnaður við byggingu var 133 milljarðar íslenskra króna. Nú hefur verið staðfest það sem margir fræðimenn voru hræddir um, að Kárahnjúkavirkjun hefur haft hreint út sagt hræðileg áhrif á lífríkið í Lagarfljóti. Bakkar Lagarfljóts molna niður og tærleiki vatnsins stórminnkar með þeim afleiðingum að 80% af silungnum í vatninu er horfinn. Það er því ljóst að ákvörðun þáverandi umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, um að snúa við ákvörðun Skipulagsstofnunar, hunska skýrslu Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings og taka ekki mark á öðrum viðvörðunum er ófyrirgefanleg. Þó að þessar sannanir hafi litið dagsins ljós telur Siv Friðleifsdóttir ennþá að hún hafi tekið rétta ákvörðun þegar hún ákvað að

drekkja 57 ferkílómetrum af hálendi Íslands. Þegar ákvörðunin var tekin á Alþingi árið 2003 greiddu aðeins 9 þingmenn atkvæði gegn tillögunni, þar á meðal allir 6 þingmenn Vinstri grænna.

Þó...telur Siv Friðleifsdóttir ennþá að hún hafi tekið rétta ákvörðun þegar hún ákvað að drekkja 57 ferkílómetrum af hálendi Íslands.

## Auðlindirnar í þjóðareign strax

Náttúra Íslands er eitthvað sem Íslendingum ber að standa vörð um. Ár eftir ár koma fleiri og fleiri ferðamenn til landsins til þess eins að skoða okkar ósnertu náttúru. Ferðaiðnaðurinn blómstrar nú sem aldrei fyrr. Vinstri stjórn Vg og Samfylkingar hefur séð til þess að fjöldamargar náttúruperlur séu friðaðar og þannig komið í veg fyrir að hægt sé að tortíma náttúru Íslands. Auðlindir Íslands tryggja stöðugan straum ferðamanna til landsins. Þó ég taki bara dæmið um ferðamannaiðnaðinn sem ástæðu þess að við ættum að vernda náttúruna er hann svo sannarlega ekki sú eina. Það er vilji Ungra vinstri grænna sem og Vg að efla ferðamannaiðnaðinn en ekki að eyða náttúrunni og efla sífellt helvítis áliðnaðinn. Þess vegna skora ég á næsta þing að samþykkja stjórnarskrárákvæðið um auðlindirnar óbreytt. Stöndum vörð um auðlindirnar okkar og kumum í veg fyrir meiri eyðileggingu.



# AÐ FAGNA ÓSIGRI

Af auglýstri jarðarför Framsóknar fréttist þótt fáir menn aldrei halbæra sönnun en brúin á örfáum burgeisum léttist er birtist á dögnum skoðanakönnun.

Því þar mátti lesa að þeim sé að fækka sem þrá það nú heitast að flokkurinn hverfi og sagt er að Framsókn sé stöðugt að stækka - Þeir stjórna víst áfram í rotnandi kerfi.

En núna ég alsæll hér á það vill benda að í þessum tíðindum felst enginn sönnun og þá eru martröð og þrautir á enda því þetta var einungis skoðanakönnun

-Kristján Hreinsson  
aldrei kaus ég framsókn

# UVG BJÓÐA FRAM



Daníel Haukur Arnarson 6. sæti Suðvesturkjördæmi  
Starf: Kosningastjóri VG í Suðvesturkjördæmi

**Af hverju ertu í VG?** Ég byrjaði í VG útaf friðarstefnunni. Eftir því sem tíminn leið og ég starfaði meira með flokknum þá áttaði ég mig á því hve mörg góð stefnumál hann hafði upp á að bjóða: Umhverfisvernd, jöfnuður og feminismi. Þetta voru allt stefnumál sem ég gat, og get enn, talað fyrir.

**Hvaða mál finnst þér brýnust?** Mannréttindi. Mannréttindi eru grundvallaratriði samfélagsins. Ábyrgur ríkisrekstur er jafnframt gríðarlega mikilvægt mál og þar hafa Vinstri græn lagt fram áætlun til framtíðar. Það sem er einnig mikilvægt er minna vesen, töfrar og óraunhæf loforð.

**Hver er sætasti alþingismaðurinn?** Án nokkurs vafa Ögmundur Jónasson. Hann hefur mikinn dúllfaktor þegar maður kynnist honum. Katrín Jakobsdóttir er líka ótrúlega falleg!



Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir 3. sæti Í Norðvesturkjördæmi  
Starf: Grunnskólakennari

**Af hverju gékkstu í VG?** Ég gekk í VG því það ver eini flokkurinn sem barðist gegn gegndarlausri einkavæðingu á árunum fyrir hrún. Jafnframt er þetta eini flokkurinn sem berst af afli fyrir jafnrétti í landinu, sem og umhverfisvernd.

**Hvað er brýnasta baráttumálið?** Brýnasta baráttumálið er að byggja upp velferðarkerfið sem hefur hlítt alltof miklum niðurskurði síðustu ár.

**Hver er sætasti alþingismaðurinn?** Bjarni Ben fótósjoppaður á ekki roð í Ögmund á góðum degi.



Bjarni Þóroddsson 13. sæti Norðaustur kjördæmi  
Starf: Háskólanemi og alltmuligmand fyrir Uvg

**Af hverju ertu í VG?** Ég kom fyrir náttúruverndina en varð eftir fyrir félagslega réttlætið

**Brýnasta baráttumálið?** Að tryggja jöfnuð í samfélaginu, eða að gæta Hagsmuna Hemúlanna, eftir því hvenær dags þú spyrð mig.

**Sætasti Alþingismaðurinn?** Þetta Emils lúkk hans Jóns Bjarna er alveg að slá í gegn sko...

## VIÐ VILJUM...

... Útrýma kynbundnum launamun

... Að horfið verði frá áformum um olíuvinnslu á drekasvæðinu

... Enga einkavæðingu í heilbrigðis- og menntakerfinu



# Af sjóræningjum og öðrum kynjaverum

Hlédís Maren Guðmundsdóttir

Sjóræningar eru skítugir ribbaldar sem sigla um höfin græn og ræna skip á förnum haffleti. Þeir eru ekki algengir í dag en þeim fer þó sífellt fjölgandi. Í dag sem og í gamla daga eiga þeir allra fátækustu oft erfitt með að vinna fyrir sér og á þeim stöðum í heiminum þar sem efnahagslífið er sem verst leiðast sumir út í þetta líferni af illri nauðsyn. Eitt sinn forðum var sjóræningjalífið ekki einungis bundið við lægstu stéttirnar. Það var ekki óalgengt að nokkrir meðlimir áhafnar þeirra skipa sem sjóræningar hertóku veldu að ganga til liðs við þá. Ástæðan var sú að vinnuaðstöður heiðarlegra sjómanna voru yfirleitt hræðilegar. Þeir fengu lítið borgað, voru reglulega sviknir og þeim var refsað með ofbeldi fyrir hin minnstu brot. Þá er kannski ekki skrytið að þeir skyldu velja mannúðlegri og lýðræðislegri lífnaðarhætti. Neyðin kennir jú nöktum karli að spinna.

Við horfum fram hjá myrkum og ljótum hliðum sjóræningja og sjáum bara ævintýrið sem okkur er kennt að sjá frá blautu barnsbeini.

En hversu afsakanlegur er þessi lífstíll? Sjóræningar eru jú fólk og fólk þarf að lifa. En á hvaða kostnað? Rán er eitt; að ræna frá þeim ríku til að eiga til hnífs og skeiðar er að mínu mati fullkomlega afsakanlegt. En morðin, nauðganirnar og þrælahaldið sem fylgja þessum ránum eru það ekki undir neinum kringumstæðum. Þess má geta að til eru dæmi um auðvald eins og William Kidd og Major Stede Bonnet sem gerðust sjóræningar sér til gamans - menn sem áttu næga fjármuni en réðust út

á sjó og frömdu vægðarlausa ofbeldisverknaði. Við getum vonandi öll sammælst um að það sé ekkert rómantískt eða aðdáunarvert við nauðgara jafnvel þó þeir sviptu á einhvern hátt til Jack Sparrow. Það er heldur ekkert aðlaðandi við skítuga og tannlausa ofbeldismenn með C-vítamínkort. Við horfum fram hjá myrkum og ljótum hliðum sjóræningja og sjáum bara ævintýrið sem okkur er kennt að sjá frá blautu barnsbeini. En þegar öllu er á botninn hvolft eru þeir lítið annað en rómantiseraðir morðingjar, nauðgarar og þrælahaldarar.

Hugmyndir okkar um sjóræningja eru bjagaðar af Disney-ævintýrum, eins og Sjóræningjum karabíska hafins, líkt og svo margt annað. Disney kennir litlum prinsessum að þær þurfi að finna sér mann til þess að líf þeirra geti hafist. Disney kennir þeim að breyta líkama sínum til að heilla menn og að afsala sér fjölskyldum sínum og hæfileikum til að þóknast þeim. Disney kennir litlum prinsessum að elska kúgara sína. Disney kennir litlum prinsum að sönn ást sé að ganga stúlku í föðurstað. Disney-ævintýrin taka ljóta hluti sem eru til staðar í samfélaginu, fegra þá og mata börn á þeim. Börnin, sem mynda samfélagið þegar okkar tími er liðinn, eru móttækileg og þau viðhorf sem við kennum þeim fylgja þeim oft í gegnum lífið. Er þetta viðhorf sem við viljum kenna komandi kynslóð?



# [RAMMAÐU ÞETTA INN!]

Gísli Garðarsson

Eitt af lykilhugtökunum í hugmyndafræði Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs er sjálfbær þróun. Í sjálfbærri þróun felst hugsjónin um jafnrétti kynslóðanna: að það sé skylda okkar að tryggja ekki aðeins jöfnuð á milli okkar sem nú byggjum hnöttinn, heldur að komandi kynslóðir erfi jörðina í að minnsta kosti jafngóðu ástandi og við tókum við henni.

Sjálfbær þróun gerir þá kröfu til okkar að við göngum ekki um of á auðlindir jarðarinnar, hvort sem þær eru eftirsótt efni, vistkerfi eða náttúruperlur. Hin kapítalíska hugsun krefst þess af okkur að við séum í sífelldri stækkun: fleira fólk, meiri atvinnusköpun og hærri hagvöxtur. En kerfi sem byggir á óendanlegum vexti er ósjálfbært. Náttúrulegar auðlindir jarðar eru ekki gínandi botnlaust tóm sem hægt er að sækja ótakmarkað í til ófyrirséðar framtíðar. Hvað ætlum við að gera þegar auðlindir jarðar hætta að geta staðið undir sístækkandi mannfjölda og hagkerfum heims? Þegar kakan, sem sumir vilja alltaf stækka, bæði eiga og éta, verður orðin of stór til að vistkerfi jarðar standi undir henni? Það er að segja, ef við verðum ekki löngu búin að drepa okkur úr gróðurhúsalofttegundum og mengunarlosun fyrst.

Mikilvægi þess að sporna gegn æ versnandi stöðu móður náttúru frá iðnbyltingu verður seint ofmetið. Áframhaldandi barátta umhverfis- og náttúruverndarsinna gegn hinum kapítalísku markaðsöflum er forsenda þess að jörðin standi undir lífríki sínu til framtíðar. Sá raunveruleiki verður okkur í sífellu ljósari og það nánast með hverjum

deginum sem líður. Ef Íslendingar eiga að læra eina lexíu á öld, megi dauði Lagarfljóts verða sá lærdómur á þeirri sem við nú lifum.

Barátta íslenskra græningja hefur einmitt fram á okkar daga snúið í miklu ríkari mæli að náttúruvernd heldur en hinni alveg jafnmikilvægu baráttu gegn loftslagsbreytingum. Þann fjórtánda janúar síðastliðinn samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu Svandísar Svavarsdóttur umhverfis- og auðlindaráðherra um rammaáætlun um vernd og nýtingu orkusvæða. Þar með lauk öðrum áfanga ferlis sem á sér liðlega þrjátíu ára sögu hér á landi. Saga hennar hófst nítjánhundraðsjötíuogfimm þegar Hjörleifur Guttormsson þáverandi þingmaður Alþýðubandalagsins, og Vilhjálmur Lúdvíksson fóru í kynnisferð á vegum náttúruverndarráðs til Noregs til að kynna sér þessi mál þar í landi.

Hjörleifur heillaðist af hugmyndinni og byrjaði að vinna að framgangi hennar hér á landi og tókst honum að koma tillögu þess efnis í gegnum Alþingi árið nítjánhundraðáttatíuogníu, þegar hann sat á stóli iðnaðaráðherra. Skömmu síðar náði Sjálfstæðisflokkurinn völdum í landinu og í kjölfarið var svo til engin hreyfing á framgangi Rammans sem velktist um í kerfinu í um tvo áratugi áður en Vinstrihreyfingin - grænt framboð hlaut yfirráð yfir umhverfismálum í landinu og kom henni á dagskrá.

Rammaáætlun, í grófum dráttum og sem allra stystu máli, flokkar landsvæði í nýtingar-, bið- og verndarflokka og hefur verið unnin yfir langan

tíma og með víðtæku samráði við sérfræðinga og hundruðir einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og hagsmunaaðila. Eins og hún liggur fyrir nú tekur hún til sextíuogsjö landsvæða: þar af falla sextán svæði í nýtingu, ellefu í bið og tuttugu í vernd. Framundan liggur að friðlýsa þau svæði sem falla í verndarflokk og halda áfram rannsóknum á svæðum í biðflokki til að geta flokkað þau ýmist til nýtingu eða verndar eftir því sem umhverfið þolir.

Áður var landið í raun allt eins og það leggur sig með allri sinni náttúrufegurð og öllum sínum perlum, vistkerfum og auðlindum í nýtingarflokki.

Með samþykkt rammaáætlunar er gríðarlega mikilvægur áfangasigur í baráttu íslenskra náttúruverndarsinna í höfn. Með henni hefur tekist að koma tuttugu landsvæðum úr hættu og annað þrjátíuogeytt er hólpíð í bili. Áður var landið í raun allt eins og það leggur sig með allri sinni náttúrufegurð og öllum sínum perlum, vistkerfum og auðlindum í nýtingarflokki. Þeim árangri ber að fagna sem og feiknamörgum öðrum þjóðþrifaverkum í umhverfismálum sem afgreidd hafa verið á nýloknu þingi.

En þó að orrustan sé unnin þýðir það hvorki að stríðinu sé lokið né að björninn sé endanlega lagður að velli. Svæðin í biðflokki eru enn öll sem eitt í hættu á að enda í nýtingu og svæði sem núgildandi rammaáætlun tekur ekki til eru óskrifað blað. Nú er baráttan vissulega á færri vígstöðum en áður en henni er hvergi nærri lokið.


Auðvaldsíhaldið er á þeim hagsmunum að það telur of langt hafa verið gengið í verndaraðgerðum á afstöðnu kjörtímabili og vill rétta hinn svokallaða virkjanakúrs, sé eitthvað - sem það er - að marka orð Birgis Ármannssonar í viðtali hjá

náttúruverndarsamtökum um áherslur Flokksins í umhverfismálum fyrir komandi kjörtímabil. Það þarf vart að taka það fram að slíkar fullyrðingar eru ekkert annað en veigrunaryrði við opinbera stríðsyfirlýsingu gegn náttúru landsins - nú skal sko virkjað með tilheyrandi skattaívilnunum og mengun. Hjól atvinnulífsins verða jú að snúast, óháð helmingun atvinnuleysis á kjörtímabilinu, og illkynja hagvöxturinn að rjúka upp úr öllu valdi.

Miðað við þá stöðu sem virðist vera uppi í dag eru hrunflokknir sem hafa Lagarfljótsorminn á samvisku sinni með hressilegan meirihluta á Alþingi. Og það ekki nema nokkrum vikum eftir að Kárahnjúkar hrundu í hausinn á þeim. Er það virkilega vilji þjóðarinnar að sama stefna verði tekin upp aftur? Eða dettur nokkru mannsbarni í hug að helmingaskiptastjórn hægri manna muni hlífa náttúru landsins nú frekar en áður þegar það vantar kredit í ríkiskassann til að fjármagna auðmagns- og skattalækkanapartí yfirstéttarinnar?

Það er eins og maðurinn sagði. Það skiptir öllu máli hvort umhverfissráðherra heitir Svandís Svavarsdóttir, Sjálfstæð Framsóknardóttir eða Íhaldskurfur Kögunarson. Vinstrihreyfingin - grænt framboð hefur sýnt það í orði og á borði undanfarin ár að hún er flaggskip þeirra sem vilja vernda landið fyrir ágangi virkjanaafla. Faglegt áframhald rammaáætlunar, sem hreyfingin mun tryggja, skiptir öllu máli til lengri tíma litið frekar en skyndigróðinn og bólumyndunin sem flýtilausnir í hagvaxtarmyndun myndu valda nú sem fyrr.

Ekki láta stóriðjublæti auðmanna deyða bæði land og þjóð. Rammaðu þetta inn og settu x við umhverfisvernd í komandi kosningum.



# Uppskriftarbók hins fátæka námsmanns



## Tika Masala verkamannsins:

I poki frosin grænmetisblanda – 350 kr.

I dós af baunum – 300 kr.

I krukka af karrý eða tika masala – 400 kr.

Fyrst er grænmetið þýtt, síðan er allt sett saman í pott og hitað. Séu jól, eða stutt síðan fólk fékk útborgað er hægt að nota kjöt, t.d. kjúkling, í staðinn fyrir baunir.

**Verð: 1000-1200 kr, sé rétt skammtað dugar þetta í 2 máltíðir.**



## Að láta bjóða sér í mat:

Kostir: ókeypis

Ókostir: Engir, þetta er ókeypis matur

**Verð: 0 kr.**



## Hversdags Núðlur:

I pk. instant núðlur úr bónus – 19 kr.

Bryðjið núðlurnar og setjið í skál, hitið vatn og hellið yfir, bíðið í 3 mín. Borðið. (varuð, vatnið kann ennþá að vera heitt)

**Verð: 19 kr.**

## Pastaréttur piparjúnkunnar:

Pasta að eigin vali – 2 bollar – soðið	40 kr.
Paprika – ½ stk.	100 kr.
Sveppir – 3-4 stk.	60 kr.
Gulrót – 1 stk.	50 kr.
Rauðlauku – ¼ stk.	30 kr.
Mjól – 1-2 bollar	58 kr.
Smurostur að eigin vali – Hálfur dallur	350 kr.

Steikið grænmetið á pönnu, hellið mjólkinni yfir og bætið síðan smurostinum við, leyfið að bráðna. Blandið pastanu saman við.

**Verð: 700 kr**



## Frelsi, jafnrétti, Lauksúpa,!

Innihald

6 stórir laukar, skornir þunnir	300 kr.
1-2 msk. Olía (helst ólífuolía)	50 kr.
2 hvítlauksgeirar, smátt skornir	50 kr.
3-4 kraftteningar leystir upp í vatni	100 kr.
¼ tsk. timían (aukaatriði)	30 kr.
¼ tsk. sykur	15 kr.
Salt og pipar	þú átt það til
Brauð, eftir þörfum	100-200 kr.
Ostur eftir þörfum	200-300 kr.

### Aðferð:

1 Í stórru pönnu, steikið laukinn í olíunni á meðal hita í 30-40 min. eða lengur. Bætið sykrinum við eftir 10 min til að aðstoða við karameliseringuna. 2 Bætið við hvítlauknum og steikið í 1 min. Hellið kraftteningavatninu og timíaninu saman. Setjið lok yfir og sjóðið þar til að bragðið hefur blandast vel saman eða um 30 mín. Setjið salt og pipar eftir bragði.

3 Setjið í skálar, bætið við brauði og stráið osti yfir og setjið í ofn þar til osturinn er bráðinn Dugar fyrir 4-6 (manns eða máltíðir)

**Verð: 850-1150 kr.**



### Friður, land og kartöflur:

Kartöflur eftir þörfum – mjög fáar krónur

Sjóðið, steikið, bakið, gerið nánast hvað sem ykkur dettur í hug, kartöflur eru gómsætar og saðsamar. Ég tala nú ekki um ef þið eigið salt og smjör.

**Verð: lítið**

UNG  
VINSTRIGRÆN

KJÓSTU

JÖFNUÐ



FEMINISMA




FRIÐ

NÁTTÚRUVERND



RÉTTLÆTI



UNG  
VINSTRIGRÆN

UMHVERFISVERND



PITT ATKVÆÐI SKIPTIR MÁLI

UNG  
VINSTRIGRÆN